

Hafnarfjörður, 3. maí 2017

Stjórn Strætó

B/t

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri

Pönglabakka 4

109 Reykjavík

Varðar: Leið 21,

Minnisblað/niðurstaða eftir samráðsfund með starfshópi um endurskoðun leiðakerfis í Hafnarfirði og stjórnendum Strætó þann 2. maí 2017 sem haldinn var á Norðurhelli.

Mættir:

Helga Ingólfssdóttir

Helga Björg Arnardóttir

Lilja Karlsdóttir

Eyrún Ósk Jónsdóttir

Gestir:

Guðlaug Kristjánsdóttir, Hafnarfjörður

Jóhann Rúnarsson, Strætó

Ragnheiður Einarsdóttir, Strætó


Fulltrúi Strætó

Hluti fundar:

Helga Stefánsdóttir

Undanfari: Beiðni Hafnarfjarðarbæjar um breytingu á leið 21 samkvæmt innsendu erindi dags.20. mars 2017 og minnisblað/svar frá Strætó þann 5. Apríl 2017.

Umhverfis- og skipulagssvið þakkar skjót viðbrögð frá Strætó við innsendu erindi um breytingar á leið 21 og óskar eftir að áfram verði unnið að breytingum á leiðinni í samræmi við mynd nr. 1



Mynd nr. 1

Í samræmi við umræður á fundinum óskar sviðið eftir að breytingum á leið 21 verði áfangaskipt þannig að í fyrsta áfanga verði akstursleið frá Firði og um iðnaðarsvæði í Hafnarfirði endurskoðuð og breytingar í kringum Smáralind komi til framkvæmda.

Ennfremur að leið 21 aki lengur á kvöldin og á sunnudögum.

Umhverfis- og skipulagssvið óskar eftir að fá endanlegt kostnaðarmat á hlut Hafnarfjarðar á þessari breytingu og óskar eftir að hún komi til framkvæmda þann 1. September næstkomandi eða fyrir.

Vinna við heildarendurskoðun á leiðakerfi innanbæjaraksturs í Hafnarfirði mun áfram verða forgangsverkefni og sviðið væntir þess að eiga áfram gott samstarf við sérfræðinga Strætó bs um næstu skref í þeirri vinnu.